

Hæfniviðmið

Aðalnámskra grunnskóla

Hlustun forstig og 1.stig

Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima

Lestur forstig og 1.stig

Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.

Tjáning forstig og 1.stig

Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima

Ritun forstig

Getur teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (t.d. einföld dagbók).

Ritun 1.stig

Getur fært dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í stuttum setningum.



Heimilið

Kveikja 1

Kassar sem hægt er að stinga hönd inn í og finna t.d. mjúkt, hart, kalt, heitt (lo.)

Kveikja 2

Poki með algengum hlutum af heimili (no.)

- Nemandi dregur hlut úr poka og lýsir honum, fær alla þá aðstoð sem hann þarf.
- Á hvaða staf byrjar orðið? Hvernig er það skrifað?

Kveikja 3

Látbragðsleikur, kennari/nemandi leikur og spyr: hvað er ég að gera? (so.)



Orðaforðaskráning

Kennari skráir orð úr öllum orðflokkum þannig að þau séu sýnileg öllum nemendum. Orðum er síðan bætt við eftir því sem unnið er lengur með þemað.

Dagbækur

Nemandinn teiknar/skrifar atburði dagsins í myndasöguformi. Þetta verkefni er hægt að setja fyrir sem heimavinnu eftir að búið að æfa það vel í skólanum. Þessar leiðbeiningar má hafa til hliðsjónar [Hugmyndir](#) [Sagnorð](#) [Form](#)

Heimili

Orð eru ævintýri

[Rafbók](#)

[Hugmyndabanki fyrir grunnskóla](#)

Orð og mynd

[Tvennur](#) [Orðaleikur](#)
[Pwim](#) [Tvennur 2](#)
[Húsbúnaður](#)

Leikræn tjáning

Hvar er ég?
Kennari/nemandi lýsir athöfn sem hann framkvæmir í ákveðnu herbergi og nemendur eiga að segja hvar hann er: ég er að vaska upp, í hvaða herbergi er ég?

Hvað er ég?
Kennari/nemandi leikur hlut og hinir geta hver hluturinn er.

Hreyfing og tónlist

Fara í göngutúr um nærumhverfið og skoða/teikna mismunandi hús, form og liti.

[Syngjandi skóli](#)

Spjaldtölvur

Bitsboard leikir
Dæmi um [Kahoot-Heimilið](#)

Ritun

[Orðaforði heimilis](#)
[Fyrst, svo síðan, næst, að lokum](#)
[Sjá einnig bls. 10-11 í hugmyndabanka](#)
[Orð eru ævintýri](#)